

## 22. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

22. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn 20. október 2021 kl 17:30 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps. Björgvin Ólafsson og Jóhanna Bríet Helgadóttir mættu á fundinn ásamt sveitarstjóra, Jóni Valgeirssyni.

### 1. Álagning fjallskila 2021

- a. Kynnt var tillaga um að lögbýli haldi áfram að greiða 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 89 í kr.91. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

### 2. Fjallskilasamþykkt

- a. Fundur var haldinn 13. október í Þingborg síðastliðinn um endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna.
- b. Hrunaréttir verði á föstudegi á tímabilinu 7.-13. September.

### 3. Fjárhagsáætlun 2022

- a. Sveitarstjóri fór yfir helstu tillögur varðandi fjárhagsáætlun fyrir ári 2022.
- b. Nefndin leggur til að skoðað verði með frekari viðhald á fjallaskálum.

### 4. Leppistungur

- a. Landbúnaðarnefnd samþykkti á síðasta fundi að bjóða ferðaklúbbnum 4x4 að fá afnot af skálanum í Leppistungum gegn vægu leigugjaldi, 300.000 kr. Sveitarstjórn samþykkti bókunina.
- b. Ferðaklúbburinn svaraði þessu erindi og bauð 50.000 kr. leigugjald. Landbúnaðarnefnd ákvað að standa við fyrra tilboð.

### 5. Sjálfær landnýting

- a. Rætt um drög reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu. Formanni falið að vinna í samstarfi við formann umhverfisnefndar og sveitarstjórn að sameiginlegum athugasemdum varðandi reglugerðina.

### 6. Önnur mál

- a. Viðhald fjallvega. Í október er búið að fara fram vinna á vegkaflanum frá Blákvísl upp á mitt Búrfell.

Fundi slitið 18:51